

322. fundur Skólanefndar FS

11. september 2013



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Guðbjörg Kristmundsdóttir, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Sveinbjörg Sigurðardóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Upphaf annar.
 2. Starfið á haustönn 2013.
 3. Önnur mál.

1. Upphaf annar.

Skólameistari sagði frá upphafi annar og breytingum á starfsliði. Nýir starfsmenn eru Ólöf Bolladóttir, Ester Þórhallsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Kristín Hafsteinsdóttir, Guðrún Jóna Magnúsdóttir námsráðgjafi og stuðningsfulltrúarnir Aron Elís Árnason og Katrín Marsí Aradóttir. Daniel Galvez og Karen Arason koma úr leyfi en Rákel Linda Gunnarsdóttir og Drífa Guðmundsdóttir verða í leyfi á önninni. Nemendur í dagskóla eru 1154, þar af eru 249 nýnema. Alls stunda 102 nemendur úr 10. bekk nám hér í einstökum áföngum í stærðfræði, ensku, rafmagnsfræði og smíðum. Á önninni er hægt að halda úti öllum grunndeildum í verknámi og þá eru tvær smíðjur starfandi, listasmiðja og smíðasmiðja. Ein ný starfsnámsbraut fer af stað, heilbrigðis- og félagsþjónustubraut. Alls stefna 74 á útskrift. Móttaka nýnema var með breyttu sniði í haust og heppnaðist vel. Kynningarfundur fyrir foreldra nýnema og aðalfundur Foreldrafélags var haldinn á dögnum og var vel sóttur. Fjárhagur skólans er í járnnum og hefur enginn búnaður verið endurnýjaður í sumari.

2. Starfið á haustönn 2013.

Skólameistari sagði frá því helsta varðandi starfið á haustönninni. Skólinn hefur fengið nokkra styrki til að vinna að námskrármálum, einkum í starfs- og verknámi. Auk þess fékk skólinn styrk til að vinna að aðalnámskrá og er búið að skipa nefnd til að stýra þeirri vinnu. Skólinn er búinn að fá viðurkenningu fyrir næringarþáttinn í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli en í vetur er viðfangsefnið geðrækt.

3. Önnur mál.

a) Borist hefur bréf frá formanni skólanefndar Menntaskólans í Akureyri þar sem óskað er eftir samstarfi við skólanefndir annarra framhaldsskóla, einkum varðandi fjármál og áætlanagerð skólanna. Í erindinu er sérstaklega nefnt að áætlanir ráðuneytis vegna launa kennara séu ekki raunhæfar. Formanni falið að svara erindinu.

b) Rætt um húsnæðismál skólans en almennt rými er orðið of lítið miðað við fjölda nemenda,

AKP

FB

c) Verið er að ganga frá skólaskýrslu fyrir síðasta vetur en hún verður sett á heimasíðu skólans næstu daga.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðbjörg R. Þórisd.

Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður

Guðbjörg Kristmunds

Guðbjörg Kristmundsdóttir

Kristján Ásmundsson

Kristján Ásmundsson

Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson, fundarritari

Pétur Brynjarsson

Pétur Brynjarsson

Gunnar Valdimarsson

Gunnar Valdimarsson

Sveinbjörg Sigurðardóttir

Sveinbjörg Sigurðardóttir